

Íslensk matorka ehf.
Hlíðasmára 6
201 Kópavogur

Akureyri, 26.5.2023
UST202302-132/G.S.Á.
08.12.02

Efni: Lokunareftirlit þann 06.05.2023 – Íslensk Matorka, Galtalæk

Þann 6. maí sl. fór fram eftirlit í fiskeldisstöð Íslenskrar Matorku, Galtalæk, Hellu. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Eldra frávik frá árinu 2018, er varðar hreinsun frárennslis stóð enn opið er eftirlitið fór fram. Engin starfsemi hefur verið í stöðinni frá því að fráviknið var sett og þar sem ljóst er að stöðin mun ekki hefja starfsemi að nýju þá er **frávikinu lokað**.

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:

1. Bent er á að rekstraraðili ber að upplýsa eftirlitsaðila um breytingar á tengiliðaupplýsingum fyrir starfsleyfin. Það er á ábyrgð rekstraraðila að eftirlitsaðili hafi upplýsingar um netföng og símanúmer tengiliða svo upplýsingar komist rétt til skila.

Eitt frávik kom fram er varðar:

2. Gr. 2.8 í starfsleyfi og 15. gr. rg nr. 550/2018. Verði rekstri hætt þá sé það tryggt að frágangur á athafnasvæði sé ásættanlegur. Staðfesting landeiganda um ásættanlegan frágang hefur ekki verið send Umhverfisstofnun.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 16. júní 2023. Lokun stöðvarinnar verður ekki staðfest fyrr en frágangi er lokið með fullnægjandi hætti.

Virðingarfyllt

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur

Freyr Ævarsson
sérfræðingur